

Sýslumaðurinn á Suðurlandi
b.t. Önnu Lilju Ragnarsdóttur ftr.
Netfang: annalilja@syslumenn.is

Reykjavík, 2. september 2020

Efni: Fyrirhuguð synjun umsóknar Arctic yeti ehf. um rekstrarleyfi.

Vísað er til bréfs yðar dags. 19. ágúst 2020 til umbjóðanda míns, Arctic yeti ehf. þar sem fram kemur að embættinu sé óheimilt að gefa út rekstrarleyfi með vísun í neikvæða umsögn Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Vísað er til þess að leyfisveiting samræmist ekki stefnu gildandi deiliskipulags sveitarfélagsins. Umbjóðanda mínum var gefinn frestur til 2. september 2020 til úrbóta.

Af hálfu umbjóðanda míns er því mótmælt að leyfisveiting samræmist ekki stefnu gildandi deiliskipulags sveitarfélagsins. Í gildandi aðalskipulagi frá maí 2019 sem breytt var í janúar 2020 kemur fram að svæðið sé skipulagt frístundasvæði og að heimilt sé að vera með gistingu í flokki I og II innan frístundabyggða. Þá er vísað til þess sem fram kemur í gögnum málsins um að atvinnustefna sveitarfélagsins frá 2017-2019 virðist setja fram markmið sem frekar verði náð ef umsókn ferðapjónustufyrirtækis um rekstrarleyfi í sveitarfélaginu verði samþykkt. Í deiliskipulagi svæðisins frá 1989 er ekki mælt fyrir um stefnu sem umsóknin gæti verið í andstöðu við.

Þegar Davíð Sigurðssyni var gerð grein fyrir því að ástæða synjunar stæðist ekki nánari skoðun þá breyttist rökstuðningur Davíðs frá því sem bókað var við afgreiðslu málsins hjá Umhverfis- og tæknisviði uppsveita uppsveita. Rökstuddi Davíð þá ákvörðunina með vísun í það ákvæði í gildandi aðalskipulagi að heimilt væri að vera með gistingu í flokki I og II hafi starfsemin tilskilin leyfi og lóðarhafar á frístundasvæðinu leggist ekki gegn starfseminni. Davíð staðfesti að hann hefði engin erindi frá lóðarhöfum á svæðinu um það hvort þeir legðust gegn umsókn umbjóðanda míns.


Sú skylda verður ekki lögð á leyfisumsækjanda skv. meginreglum stjórnisýsluréttar að hann leggi fram, með umsókn sinni til opinbers leyfisveitanda, sönnunargögn um að tilteknum aðstæðum sé ekki til að dreifa, þ.e. að neikvæð fullyrðing sé afsönnuð. Því er mótmælt að þessi skylda verði lögð á umsækjendur um opinber leyfi. Umbjóðandi minn telur að það skilyrði sé uppfyllt að lóðarhafar á frístundasvæðinu leggist ekki gegn starfseminni með vísun í tölvupóst Davíðs Sigurðssonar, f.h. Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita dags. 8. júní 2020 þar sem hann staðfestir að engin erindi frá

lóðarhöfum hafi komið fram um það hvort þeir séu hlynnir starfseminni eða leggist gegn henni. Auk þess leggur umsækjandi fram með andmælum þessum tvær yfirlýsingar frá lóðarhöfum næstu lóðar til vesturs (Flatir 19) og næstu lóðar til norðurs (Flatir 20). Á næstu lóð til austurs er hálfbyggður bústaður (Flatir 13) í eigu dánarbús og virðist lóðin ekki í notkun. Sunnan við Flatir 14 er tún þar sem finna má hesta á beit en þeir voru ekki viljugir til að gefa upp afstöðu til umsóknarinnar. Í framlögðum yfirlýsingum lóðarhafa að Flötum 19 og 20 kemur fram að þeir leggist ekki gegn starfsemi umbjóðanda míns.

Að teknu tilliti til þess sem að ofan greinir og framlagðra yfirlýsinga þá leyfi ég mér að óska eftir því að sýslumaður samþykki umsókn umbjóðanda míns um endurnýjun á gistileyfi að Flötum 14, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Áskilinn er réttur til frekari mótmæla og rökstuðnings er varðar framsals- og valdheimildir sveitarfélagsins til UTU.

Virðingarfyllst,


Steinn Sigríðar-Finnbogason
Lögmaður